

11. gr.

Gatnagerðargjald skv. 4. gr. miðast við þá vísitölu byggingarkostnaðar, sem í gildi er, þegar lagning bundins slitlags fer fram. Nú breytist vísitala meðan verk fer fram og skal þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili, sem um er aðræða.

12. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að innheimta gjald, skv. 4. gr. af lóðarhöfum við götu, þar sem þegar hefur verið lagt slitlag og gangstétt, enda sé eigi lengri tími en 5 ár síðan það var gert. Í slíkum tilvikum skal miða gjaldið við þá byggingarvísitölu, sem í gildi er, þegar reglugerð þessi öðlast gildi.

13. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 4. gr. greiðist þannig, að 20% greiðast þegar lagningu bundins slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum.

Ársvextir skulu vera hinir sömu og vextir af lánnum Bygðasjóðs (B-lán) til sömu framkvæmda. Vextirnir greiðast árlega eftir á. Gjaldalagi vaxta og afborgana er 1. júlí ár hvert.

14. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla samkv. 3. gr. og 4. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50%, án frekari staðfestingar ráðuneytis.

15. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjárhæðar eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Búðahrepps og staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 sbr. lög nr. 31/1975 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 12. desember 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á byggingarsamþykkt fyrir Hálshrepp í Suður-Þingeyjarsýslu.

Samkvæmt lögum nr. 19 20. október 1905 um byggingarsamþykktir, sbr. lög nr. 84 16. desember 1943 og skipulagslög nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið í dag staðfest byggingarsamþykkt fyrir Hálshrepp í Suður-Þingeyjarsýslu.

Félagsmálaráðuneytið, 14. desember 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.